



Lúxemborg, 5. desember 2001

Fréttatilkynning

Mál E-5/01 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Liechtenstein*

Hinn 5. desember 2001 kvað EFTA-dómstóllinn upp dóm í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA höfðaði gegn Liechtenstein. Stofnunin krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að Liechtenstein hefði gerst brotlegt við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum með því að láta hjá líða að setja lög, innan tilskilinna tímamarka, til samræmis við ákvæði 1. mgr. 3., 4., 6. og 7. gr. tilskipunar ráðsins nr. 87/344/EBE frá 22 júní 1987, um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um réttaraðstoðarváttryggingar.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Liechtenstein hefði verið skylt að gera nauðsynlegar breytingar á löggjöf sinni til að hún yrði í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, ekki síðar en 1. maí 1995. Samkvæmt rökstuddu álitu stofnunarinnar fékk Liechtenstein frest til 15. júní 1998 til að gera nauðsynlegar lagabreytingar, án þess þó að þær væru gerðar.

Dómstóllinn taldi að 3. gr. EES-samningsins legði þær skyldur á herðar samningsaðilum að þeim bæri að gera allar viðeigandi almennar og sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið yrði við þær skuldbindingar sem af samningnum leiða. Jafnframt taldi dómstóllinn að samningsaðilar væri skyldir til að leiða í lög allar gerðir sem vísað væri til í viðaukum samningsins og í síðari ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, að með því að láta hjá líða að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að samræma löggjöf í Liechtenstein fyrirnefndum ákvæðum tilskipunarinnar hefði Liechtenstein gerst brotlegt við skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipuninni og 7. gr. EES-samningsins.

Dómurinn í heild er tiltækur á netfanginu www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa Dómararnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Fréttatilkynning þessi er gefin út í upplýsingaskyni. Aðeins dómurinn sjálfur gildir opinberlega.